



„HEI, ÞÚ! - langar þig að vera FÉLAGSMÁLATRÖLL?“

Héraðssamband Þingeyinga hefur fengið Sabínu Halldórsdóttur, starfsmann UMFÍ, til að koma og halda félagsmálanámskeiðið – og HSB býður þér að koma!

Námskeiðið er aðeins í tvo tíma, er ókeypis og í lokin verða léttar veitingar. Farið er yfir ýmsa þætti er tengjast félagsmálum, ræðumennsku og fundasköpum.

Hvetjum sérstaklega ungt fólk til þess að grípa tækifærið!

Staður – dagsetning - tími:

Grænatorg í Íþróttahúsinu á Húsavík

28. maí 2015

milli kl. 17:00 – 19:00

Formenn aðildarfélaga HSB: ég minni á að „Formannafundur HSB“ er sama kvöld kl. 20:00, en þar verður Sabína einnig með kynningu á hreyfivikunni „Move week“

Skráning: hjá Elínu, framkv.stj. HSB, á netfangið; hsth@hsth.is



Brautskráning stúdenta frá Framhaldsskólanum á Laugum 23. maí 2015

Stúdentar verða brautskráðir frá Framhaldsskólanum á Laugum, laugardaginn 23. maí kl. 14:00.

Athöfnin fer fram í íþróttahúsi skólans.

Allir nemendur, starfsfólk, sveitungar og velunnarar skólans eru hjartanlega velkomnir.

Að útskrift lokinni er öllum gestum boðið í hátíðarkaffi.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

17. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 13. maí 2015

Afmælisbörn dagana 14. maí — 20. maí 2015


21. Björg Jónasdóttir, Þórey Kolbrún Jónsdóttir.
22. Dagbjört Sigríður Bjarnadóttir.
23. Bergrún Ósk Ólafsdóttir, Birgir Steingrímsson.
24. Anna Gréta Eypórsdóttir.
25. Friðrik Steingrímsson.
27. Ingunn Eva Halldórsdóttir, Þóra Ottósdóttir.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Bóas Gunnarsson

Stuðlum í Mývatnssveit

sem lést laugardaginn 9. maí, verður jarðsönginn frá Reykjahlíðarkirkju föstudaginn 22. maí kl. 14:00.



Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík, njóta þess.

Margrét Bóasdóttir	Kristján Valur Ingólfsson
Hinrik Árni Bóasson	Guðbjörg Ásdís Ingólfssdóttir
Gunnar Bóasson	Friðrika Guðjónsdóttir
Sólveig Anna Bóasdóttir	Baldur Tumi Baldursson
Ólöf Valgerður Bóasdóttir	Helgi Bjarnason
Sigfús Haraldur Bóasson	Þóra Friður Björnsdóttir
Bóas Börkur Bóasson	Eyja Elísabet Einarsdóttir
Ragnheiður Bóasdóttir	Guðmundur Ingi Gústavsson
Birgitta Bóasdóttir	Hentzia í Lágabó

barnabörn og barnabarnabörn.



Hvítasunnudagur.

Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna á hvítasunnu verður næstkomandi sunnudag 24. maí, hvítasunnudag í Skútustaðakirkju klukkan 14:00.

Sameinaður kór sóknanna syngur.
Organisti og kórstjóri er Þorvaldur Örn Davíðsson.

Verið velkomin og gleðilega hvítasunnu.
Sr. Örnólfur



Aðalfundur

Golfklúbbs Mývatnssveitar
verður haldinn í golfskálanum Krossdalsvelli
miðvikudaginn 27. maí 2015 kl. 20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Félagar hvattir til að mæta.
Nýjir félagar velkomnir.
Stjórnin.




Krakkafjör

Í tilefni hækkandi sólar verður
sápakúlu- og blöðrudagur í íþróttahúsinu,
laugardaginn 23. maí 2015 kl. 14:00.

Hvetjum alla til að mæta og eiga skemmtilega stund saman.

Þeir sem eru tilbúnir að hjálpa til endilega hafið
samband við Önnu 696 1448 eða Huldu 843 9612



Direkt ehf - HIKE&BIKE,

óskar eftir að ráða hressan og samviskusaman
einstakling í tilfallandi afleysingar í sumar.

Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund,
hafa brennandi áhuga á útivist og hafa gott vald á ensku.
Starfið gæti vel hentað þeim sem vinna vaktavinnu.

Áhugasamir sendi umsókn á eyrun@hikeandbike.is
ásamt ferilskrá fyrir 1. júní 2015.

Mývatnsmaraton – 20 ára

*Ef einhvern tímann hefur verið góð hugmynd
að taka þátt í Mývatnsmaraton þá er það núna!
Hið árlega Mývatnsmaraton fer fram 6. júní n.k.
en hlaupið fagnar 20 ára afmæli í ár.
Það hefst og endar í Jarðböðunum við Mývatn.
Keppt verður í maraton, hálf maraton, 10 km og 3 km.*

*Allir sem ljúka keppni fá verðlaunapening, stuttermabol merktan
hlaupinu, grillveislu og frítt í Jarðböðin við Mývatn.
Einnig verða veitt útdráttarverðlaun.*

*Upplýsingar um verð, skráningu og tímasetningar
er að finna á www.visitmyvatn.is
og hægt verður að skrá sig til leiks fram á keppnisdag.*

